


Ingunn Eydal: Fagurt galaði fuglinn sá, 1986.



Rut Rebekka: Í prófil, 1986. Sálþrykk.



Jón Reykdal: Öræfastöð, 1986.



Þóroddur Hall: Nafnlaus, 1986.



Hafþís Óskarsdóttir: Bláir draumar, 1986. Sálþrykk.

opnaði hann augu samlanda sinna fyrir fegurð koparþrykksins.

Hann var fyrstur Íslendinga til að halda sérstaka graffiksýningu, en það var árið 1925, þegar íslensk nútímalist var enn í burðarlíðnum og fyrsta kynslóð lærðra listamanna vart búin að slíta barnsskónum í málalístinu. Því miður vakti sýning Guðmundar ekki þá athygli sem skyldi.

Því kom það í hlut annars listamanns, engu ómerkari, að vekja almennan áhuga á graffiklistinni, einkum meðal kollega sinna. Sá var Jón Engilberts (1908–1972) og var hann öðrum fremur stofnandi félagsins Íslensk graffik, árið 1954. Þótt til sé fjöldi þrykverka eftir samtímamenn hans, svo sem Snorra Arinbjarnar, Þorvald Skúlason, Gunnlaug Scheving og Nínu Tryggvadóttur, var það Jón sem manna hæst hélt merki graffiklistarinnar á loft, allt frá kreppuárunum og fram til stofnunar hins síðbúna félags þrykklístaranna á Íslandi.

#### ÁHUGINN LIFNAR

Eini tengiliðurinn milli hins gamla félags frá sjötta áratugnum og þess sem nú, sautján vetra, mætir lífsglatt til leiks að Kjarvalsstöðum, er Bragi Ásgeirsson (1931–). Fyrir utan mikið magn steinþrykks, koparættinga, dúk- og tréskurðar, sem eftir hann liggur, einkum frá sjötta og sjöunda áratugnum, kenndi Bragi graffik í Myndlista- og handíðaskóla Íslands. Þannig komust ýmsir nemendur hans í kynni við hina algömlu list sem var svo ung hér á landi.

Að endingu skal getið Einars Hákonarsonar (1945–), sem kom á laggirnar sérstöku graffikverkstæði í Myndlista- og handíðaskólanum, þegar hann kom heim frá námi í Gautaborg, árið 1968. Kom hann á námskeiði í þrykklíst og voru meðal nemenda hans nokkrir af þekktustu graffiklista-

mönnum okkar, s.s. stöllurnar Björg Þorsteinsdóttir og Ragnheiður Jónsdóttir.

Ári síðar var núverandi félag íslenskra graffiklistamanna stofnað og voru félagar þeir sem enn voru á lífi af eldri kynslóð svo og þeir sem nýlokið höfðu námi í graffik, einkum á Norðurlöndum. Þegar í upphafi var starf félagsins mjög frjótt og má geta þess að árið 1970 var sýning á vegum þess send í kringum landið. Einnig jukust samskipti við aðrar þjóðir til muna. Bæði komu hingað sýningar í tengslum við íslenska graffik, þar sem þátttakendur voru frá Norðurlöndum, öðrum Evrópulöndum og Bandaríkjunum. Eins gafst íslenskum þrykklístar-mönnum tækifæri til að sýna vítt og breitt um heiminn.

#### ÓSKABYRJUN

Nú er félagið Íslensk graffik sautján vetra eins og áður sagði og þar af leiðandi er ekki úr vegi að skyggjast ögn inn í heim þrykklístarinnar og velta vöngum yfir því sem er á döfinni; horfum og því sem er að baki. Til liðs við mig fékk ég þau Ragnheiði Jónsdóttur, sem verið hefur einn af mátarstólpum félagsins frá upphafi, og Daða Guðbjörnsdóttur, formann Félags íslenskra myndlistarmanna, sem jafnframt því að vera málari er afkastamikill þrykklístamaður. Fundum við okkur stað á lofti matsölustaðar í miðbænum og fórum að ræða saman.

**Mig langar að spyrja þig Ragnheiður hvernig fyrstu árin hafi verið. Var þetta óskabyrjun hjá félaginu?**

Við höldum sýningu árið 1970 í Unuhúsi við Veghúsastíg, þar sem um tíu manns sýndu. Undirtektir voru ósköp draemar og einungis fáein verk seldust. En strax ári seinna, eða 1971, kom hingað sýning frá París, sem hlaut ágæta dóma og töluverða